

Gos í Eyjafjallajökli - staða 3. maí 2010 kl. 15:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Freysteini Sigmundssyni, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur, Þórdísi Högnadóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum frá Vodafone, Mílu og Múlakoti, upplýsingum frá vísindamönnum við Gígjökul.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Hæstu bólstrar í 5 -5,5 km hæð (17–18.000 ft) við Eyjafjallajökull, metið úr vél Landhelgisgæslunnar um klukkan 14:30. Gosmökkur sést einnig á Veðursjá í Keflavík kl í 4,0-5,2 km hæð milli kl. 13:00 og 15:00.

Stefna: Suðaustur af gosstöðvum. Skýr merki um mökkinn greinast í að minnsta kosti 200 km fjarlægð til austsuðausturs (léttskýjað) á MODIS gervihnattamynd frá kl. 11:20, og áfram um 200 km til viðbótar til suðausturs sem daufbrún rák eftir skýjum.

Litur: Bólstrar ljósastir efst, en svartari neðar og þeir verða hæstir eftir sprengingar (skv. landhelgisgæslu). Af vefmyndavélum mátti um hádegisbil einnig greina svarta bólstra sem lögðu til austurs og hvíta gufubólstra neðar sem berast upp um göt á Gígjöklinum.

Gjóskufall: Aska yfir Vík (40 til SA) (um kl. 10). Tilkynt um öskufall, m.a. í Álftaveri um kl. 06:45 og kl 10:00. (65-70 km austsuðaustur af Eyjafjallajökli.

Eldingar: Engar (15:30 GMT).

Drunur: Vísindamenn við Gígjökul heyra reglulega drunur frá Gígjökli og ofan úr gígnum og finna greinilega jörðina hristast. Hristingurinn er miklu minni og vart greinilegur í um 3-4 km fjarlægð en drunurnar heyrast þar vel.

Athugasemd: Vísindamenn við Gígjökul fundu fyrir vanlíðan vegna gass.

Bræðsluvatn: Í dag mældist 11°C hiti á vatni við gömlu Markarfljóstbrú en tæplega 3°C um 2 km frá sporði Gígjökuls. Vatn streymir sitt hvorum megin við jökulinn og koma gusur á um 10 mínútna fresti (skv. vísindamönnum í feltvinnu). Vatnshæðarmælir við Gígjökul sýnir einnig að gusur koma öðru

hverju niður jökulinn. Hitamælir við gömlu Markarfljóstbrú sýnir að vatnshiti byrjaði að hækka verulega í gærkvöld, 2. maí og náði hámarki í morgun um sex-leytið (um 17°C). Annar toppur, um 15°C mældist seinna í morgun, mili átta og níu. Vatnshiti hefur farið lækkandi síðan og er nú komin niður fyrir 4°C.

**Aðstæður á gosstað:** Lítið hefur sést til gosstöðvanna í dag. Gufumekkir upp af Gígjökli benda til áframhaldandi hraunflæðis.

**Órói:** Órói hefur verið mikill og stöðugur í dag en hann jókst aðfararnótt 2. maí. Aukningin er aðallega á 0,5-2 riðum en sést lítið í 2-4 riðum.

**Jarðskjálftar:** Fáeinir skjálftar mældust í nótt. Þeir virðast við fyrstu yfirferð vera á um 18 km dýpi undir jöklinum

**GPS-aflögun:** Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls. Síðustu daga hafa lóðréttar færslur sýnt aukið sig næst gosstöðvunum en það hefur nú að einhverju leyti gengið til baka og hreyfast stöðvarnar nú svipað og fyrir 29. apríl.

**Annað:** Engin merki um breytingar undir Kötlu. Minnt er á að hætta stafar af gasi við Gígjökul.

**Heildarmat:** Virkni virðist svipuð og í gær. Ekkert bendir til þess að gosi sé að ljúka.